

Fræðslunefnd

FUNDUR – 21. júlí 2010

Fundur haldin í fræðslunefnd Blönduósbæjar vegna leikskóla miðvikudaginn 21.júlí 2010 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting er samkvæmt undirskrift.

Ágúst Þór Bragason, forseti bæjarstjórnar setti fundi og stjórnaði fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Kosningar í embætti formanns, varaformanns og ritara nefndarinnar.
2. Starfsmannamál
3. Starfsdagar árið 2010.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Kosning í embætti.

Fram kom tillaga um að formaður væri Auðunn Steinn Sigurðsson, varaformaður Heiðrún Bjarkadóttir og ritari Anna Kristín Davíðsdóttir. Að kosningum loknum tók formaður við fundarstjórn og vék Ágúst Þór af fundi.

2. Starfsmannamál.

Jóhanna G. Jónasdóttir leikskólastjóri fór yfir starfsmannamál leikskólans og sagði frá því að börnum í leikskólanum hefði fjölgað á milli ára og þar af leiðandi þyrfti að fjölga stöðugildum leikskólans. Jóhanna óskaði því eftir að fá að auglýsa eftir starfsmanni til að bregðast við þessari fjölgun.

Nefndin samþykkir tillögu leikskólastjóra um að auglýsa eftir starfsmanni í 100% starf.

3. Starfsdagar árið 2010.

Starfsmenn leikskólans fengu fjölgun á starfsdögum úr 3. í 4, árið 2009 í kjölfar þess að feldir voru niður starfsmannafundir starfsfólks sem haldnir voru eftir vinnu einu sinni í mánuði. Starfsmenn óska eftir því að fá sama fjölda starfsdaga fyrir árið 2010, þ.e. 4.daga.

Þar sem sömu forsendur eru enn til staðar, þ.e. að starfsmannafundir eru ekki á dagskrá, samþykkir nefndin að starfsdagar verði 4. fyrir árið 2010.

4. Önnur mál.

Almenn umræða um stöðu og starfsemi leikskólans meðal annars um fæði leikskólabarna. Annað ekki rætt.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18.15

Auðunn Steinn Sigurðsson
Heiðrún Bjarkadóttir
Jóhanna G. Jónasdóttir
Eva Hrund Pétursdóttir
Árný Þóra Árnadóttir
Anna Kr. Davíðsdóttir

Harpa Hermannsdóttir
Þórdís Hauksdóttir